

Drög
Yfirlýsing evrópskra ráðherra sem fara með starfsmenntamál og
framkvæmdastjórnar ESB
um aukið samstarf í Evrópu á sviði starfsmenntunar,
gerð í Kaupmannahöfn 29. og 30. nóvember 2002

"Kaupmannahafnaryfirlýsingin"

Á undanföllum árum hefur samstarf á sviði starfsmenntunar í Evrópu verið veigamikill þáttur við mótun evrópsks samfélags framtíðarinnar.

Efnahagsleg og félagsleg þróun í Evrópu á síðastliðnum áratug hefur í auknum mæli undirstrikað hve brýn þörf er fyrir evrópskar áherslur á sviði menntunar og starfsþjálfunar. Umbreytingin í þekkingarhagkerfi með varanlegum hagvexti, með fleiri og betri störfum og meiri félagslegri samheldni, skapar enn fremur ný og mikilvæg verkefni við þróun mannauðs.

Stækkun Evrópusambandsins opnar nýja möguleika, eykur fjölda verkefna og tækifæra, og gerir kröfur um aukið starf á sviði starfsmenntunar. Einkum er mikilvægt að þau umsóknarríki sem eru að hljóta inngöngu verði frá upphafi þátttakendur í því samstarfi sem fara mun fram á sviði menntunar og starfsþjálfunar í Evrópu til framtíðar.

Hin samfellda þróun evrópskra áætlana í málefnum starfsmenntunar hefur gegnt lykilhlutverki í samstarfi á Evrópuvísu.

Bologna-yfirlýsingin um æðri menntun frá júní 1999 markaði upphafið að nýju og auknu samstarfi á þessu sviði í Evrópu.

Á fundi leiðtogaáðs ESB í Lissabon í mars árið 2000 var því lýst yfir hve menntun gegnir mikilvægu hlutverki sem þáttur í efnahags- og félagslegri stefnu, sem afl er styrkir samkeppnisstöðu Evrópu á heimsvísu og sem trygging fyrir samheldni meðal samfélaga okkar og hagstæðustu lífsskilyrðum öllum til handa. Leiðtogaáð ESB lagði fram það stefnumið að Evrópusambandið verði öflugasta þekkingarhagkerfi heims. Þróun hágæða starfsmenntunar er afar mikilvægur hluti þessarar áætlunar, einkum til að auka félagslega aðlögun, samheldni, hreyfanleika, starfshæfni og samkeppnishæfni.

Í skýrslunni um "tiltekin framtíðarmarkmið varðandi menntakerfi" (*Concrete Future Objectives of Education and Training Systems*), sem samþykkt var á fundi leiðtogaáðs ESB í Stokkhólmi í mars 2001, voru skilgreind ný svið þar sem sameiginlegra aðgerða væri þörf á Evrópuvísu, svo að hægt væri að ná þeim markmiðum sem sett voru á fundinum í Lissabon. Þessi svið eru sett fram á grundvelli hinna þriggja markmiða sem fram koma í skýrslunni, þ.e. að auka gæði og skilvirkni starfsmenntakerfa í Evrópusambandinu, gera öllum kleift að afla sér starfsmenntunar, og opna starfsmenntakerfin fyrir umheiminum.

Á fundinum í Barselóna í mars 2002 samþykkti ráðið starfsáætlun um eftirfylgni við "markmiðaskýrsluna" þar sem fram kom að gæði starfsmenntunar í Evrópu yrðu á heimsmeðallíkanum árið 2010. Enn fremur var hvatt til frekara átaks við að innleiða aðferðir sem tryggja gegnsæi prófskrifteina og hæfnisvottorða, þar með talið aðgerðir hliðstæðar þeim sem fram fóru í kjölfar Bologna-yfirlýsingarinnar, en lagaðar að starfsmenntasviðinu.

Í kjölfar þeirra ákvarðana sem teknar voru í Barselóna samþykkti ESB-ráðið (mennta- og menningarmál og málefni ungs fólks) ályktun um aukið samstarf á sviði starfsmenntunar hinn 12. nóvember 2002. Með þessari ályktun er aðildarlöndunum og framkvæmdastjórninni, innan síns

ábyrgðarsviðs, boðið að gera umsóknarríkin og EFTA EES-ríkin, ásamt aðilum vinnumarkaðarins, að þátttakendum til að efla samstarf á sviði starfsmenntunar.

Áætlanir um símenntun og hreyfanleika eru afar mikilvægar þegar stuðla skal að starfshæfni, virkum þegnskap í samfélaginu, félagslegri aðlögun og persónulegum þroska¹. Þróun þekkingarhagkerfis í Evrópu og trygging þess að evrópskur vinnumarkaður sé öllum opinn skapar starfsmenntakerfum í Evrópu og öllum hlutaðeigandi aðilum bæði stór og brýn verkefni. Aukið samstarf á sviði starfsmenntunar mun verða mikilvægt framlag til að tryggja farsæla stækkun Evrópusambandsins og efna þau markmið sem sett voru á fundi leiðtoga ráðsins í Lissabon. Miðstöð Evrópusambandsins um þróun starfsmenntunar (Cedefop) og Evrópska starfsmenntastofnunin (The European Training Foundation) eru mikilvægir aðilar til stuðnings þessu samstarfi.

Fjallað er um mikilvægan þátt aðila vinnumarkaðarins í þróun samfélags- og efnahagsmála, bæði innan evrópsku samráðstilhögunarinnar og rammaáætlunar aðila vinnumarkaðarins í Evrópu um varanlega þróun hæfni og getu sem samþykkt var í mars 2002. Aðilar vinnumarkaðarins gegna ómissandi hlutverki við þróun, mat og viðurkenningu á starfsfærni og getu á öllum stigum og eiga þátt í því að efla auka samstarf á þessu sviði.

Lögd verður áhersla á eftirfarandi forgangsmál með auknu samstarfi á sviði starfsmenntunar:²

Með þessi forgangsmál í huga er markmið okkar að auka frjálst samstarf á sviði starfsmenntunar í þeim tilgangi að efla gagnkvæmt traust, gegnsæi og viðurkenningu á hæfni og getu og að skapa þar með grundvöll fyrir aukinn hreyfanleika og gera fólki auðveldara að afla sér símenntunar.

Evrópustarfið

· Efla þarf þátt Evrópu á sviði starfsmenntunar í því markmiði að bæta samstarf þannig að hreyfanleiki, samvinna milli stofnana, samstarf verkefnahópa og hvers kyns starfsemi þjóða í milli aukist og verði auðveldari viðfangs. Þetta skal gert til að auka veg starfsmenntunar í Evrópu á alþjóðavísu þannig að Evrópa verði öðrum löndum fyrirmynd í þessum efnum.

Gegnsæi, upplýsingar og leiðbeiningar

· Auka þarf gegnsæi starfsmenntunar með því innleiða og nýta tengslanet og aðferðir til upplýsingaöflunar, m.a. með því að sameina þau upplýsingatæki sem þegar eru fyrir hendi innan eins heildarramma, svo sem evrópsku ferilskrána (*European CV*), viðauka með prófskírteinum (*Certificate Supplement*), samevrópska tungumálarammann (*Common European framework of reference for languages*) og evrópska starfsmenntavegabréfið (*Europass*).

· Efla þarf stefnu, kerfi og starfshætti varðandi upplýsingamiðlun, leiðbeiningar og ráðgjöf í aðildarríkjunum, á öllum stigum menntunar, þjálfunar og atvinnulífs, einkum hvað varðar aðgengi að námi, starfsmenntun, sem og jafngildi og viðurkenningu á færni og getu, til að íbúar Evrópu geti farið þar milli landa til starfa.

Viðurkenning á færni og getu

· Kanna þarf hvernig auka má gegnsæi, samanburð, jafngildi og viðurkenningu á færni og/eða getu, milli landa og á mismunandi stigum, með því að þróa tiltekin viðmiðunarstig, sameiginlegar vottunarreglur og sameiginlegar aðferðir, þar með talið viðurkennt yfirfærslukerfi varðandi starfsmenntun.

· Aukinn stuðning þarf til að þróa hæfni og getu í tilteknum geirum, með því að efla samstarf og samræmi og fá aðila vinnumarkaðarins til þátttöku. Til vitnis hér um eru ýmis verkefni á vegum ESB, bæði tvíhliða og fjölþjóðleg, þar á meðal þau sem þegar hafa verið tilgreind á hinum ýmsu starfssviðum þar sem stefnt er að gagnkvæmri viðurkenningu á starfshæfni.

· Þróa þarf almennar reglur um mat á óformlegu og óformuðu námi til að tryggja betur samræmi í aðferðum í hinum ýmsu löndum og á mismunandi stigum.

Trygging fyrir gæðum

· Efla þarf samstarf við að tryggja gæði, einkum með því að miðla aðgerðum og dæmum, sem og almennum viðmiðunum og reglum varðandi gæði starfsmenntunar.

· Gæta þarf að námsþörfum kennara og leiðbeinenda á öllum sviðum starfsmenntunar.

Betra samstarf á sviði starfsmenntunar byggist á eftirfarandi reglum:

· Samstarf ætti að grundvallast á því markmiði sem leiðtogaráð ESB setti fyrir árið 2010 og fylgja hinni nákvæmu áætlun um starf og eftirfylgni sem markmiðaskýrslan kveður á um til að tryggja samræmi við markmið ESB-ráðsins (mennta- og menningarmál og málefni ungs fólks).

· Aðferðir ættu að vera valfrjalsar og byggjast á grasrótarsamstarfi (bottom-up cooperation).

· Framkvæmdir ættu að taka mið af þörfum almennings og einstakra stofnana á þessu sviði.

· Byggja ætti upp virkt samstarf með þátttöku aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnar ESB, umsóknarríkjanna, EFTA-EES-ríkjanna og aðila vinnumarkaðarins.

Fylgja skal þessari yfirlýsingu eftir á eftirfarandi hátt til að tryggja að auknu samstarfi á sviði starfsmenntunar verði komið á með virkum og árangursríkum hætti í Evrópu:

1. Aukið samstarf á sviði starfsmenntunar skal smám saman verða fastur liður þegar markmiðaskýrslunni er fylgt eftir. Gera skal ljósa grein fyrir þessum lið í skýrslu framkvæmdastjórnar til ESB-ráðsins (mennta- og menningarmál og málefni ungs fólks) innan þeirra tímamarka sem þegar hafa verið sett samkvæmt markmiðaskýrslunni. Stefnt er að því að eftirfylgni við aukið samstarf á sviði starfsmenntunar verði í fullu samræmi við markmiðaskýrsluna.

2. Sá vinnuhópur, sem nú er að störfum og gefin var staða hliðstæð þeirri sem vinnuhópar er skipaðir voru til að fylgja markmiðaskýrslunni eftir, og fulltrúar aðildarríkjanna, EFTA-EES-ríkjanna, umsóknarlandanna og aðila vinnumarkaðarins munu eiga sæti í, mun halda starfi sínu áfram við að tryggja að auknu samstarfi á sviði starfsmenntunar verði komið á með samræmdum hætti. Óformlegir fundir skrifstofustjóra á sviði starfsmenntunar munu gegna mikilvægu hlutverki við að skerpa áherslulínur og gæða eftirfylgnina lífi.

3. Innan þessa ramma mun megináherslan fram til ársins 2004 verða lögð á tiltekin svið þar sem starf hefur þegar verið hafið, þ.e. við þróun á gegnsæi innan tilgreinds heildarramma, viðurkennt yfirfærsluferfi fyrir starfsmenntun og mótun aðferða til að tryggja gæði. Önnur svið, sem þegar verða tekin inn sem hluti af því starfi sem markmiðaskýrslan leggur upp með og skiptist milli átta vinnuhópa og viðmiðanahóps, eru námsráðgjöf allt lífið, óformlegt nám og þjálfun fyrir kennara og leiðbeinendur á sviði starfsmenntunar. Gerð verður grein fyrir starfsframvindu á þessum sviðum í skýrslu framkvæmdastjórnar sem getið er um í 1. lið.

Ráðherrar sem fara með starfsmenntamál og framkvæmdastjórn ESB hafa staðfest mikilvægi þeirra markmiða og forgangsmála sem lögð eru fram í þessari yfirlýsingu og nauðsyn þess að taka þátt í rammaáætlun um aukið samstarf á sviði starfsmenntunar, sem aðilar vinnumarkaðarins taka þátt í. Að tveimur árum liðnum verður haldinn fundur þar sem árangur verður metinn og ráðgjöf veitt um forgangsmál og aðferðir.

¹Forgangsmál sem tilgreind eru í ályktun um símenntun sem samþykkt var af ESB-ráðinu (mennta- og menningarmál og málefni ungs fólks) 27. júní 2002

²Forgangsmál sem tilgreind eru í ályktun um aukið samstarf á sviði starfsmenntunar í Evrópu sem samþykkt var af ESB-ráðinu (mennta- og menningarmál og málefni ungs fólks) 12. nóvember 2002.